Siðareglur fullorðinna sjálfboðaliða

Siðareglur fyrir fullorðna sjálfboðaliða á 26. Alheimsmóti skáta 2027 í Póllandi

Athugið: Sérstakar siðareglur gilda fyrir þátttakendurna.

Velkomin á 26. Alheimsmót skáta í Póllandi 2027! Við þurfum öll að leggja okkar af mörkum við að skapa öruggt, inngildandi og notalegt umhverfi fyrir alla þátttakendur og sjálfboðaliða. Þessar siðareglur kveða á um þá hegðun sem ætlast er til af öllum fullorðnum sjálfboðaliðum og mótsgestum.

1. Virðing og góð framkoma

1.1. Sýndu ávallt heiðarleika, talaðu af virðingu og komdu fram við fólk og eigur þess af nærgætni.

1.2. Berðu virðingu fyrir menningarlegum fjölbreytileika, skoðunum og ólíkum sjónarmiðum og stuðlaðu að friði og inngildingu (að öll fái tækifæri til að taka þátt á eigin forsendum).

1.3. Forðastu móðgandi orðræðu, mismunun og óviðeigandi hegðun.

2. Reglur og lög

2.1. Fylgdu mótsreglum, stefnu um öryggi í skátastarfi (*Safe from Harm*), öryggisreglum og landslögum.

2.2. Berðu ávallt mótseinkennin nema annað sé sérstaklega tekið fram af öryggisástæðum.

3. Mörk og friðhelgi einkalífs

3.1. Virtu aðgangstakmarkanir og farðu aðeins inn á tjaldsvæði annarra ef þér er boðið.

3.2. Forðastu óumbeðna líkamlega snertingu og komdu fram við aðra af virðingu. Ekki stríða öðrum, leggja í einelti eða mismuna. Ekki beita nokkurs konar ofbeldi hvort sem er líkamlegt, munnlegt eða andlegt.

3.3. Virtu persónuleg mörk. Ekki snerta aðra án skýrs samþykkis þeirra.

4. Ábyrg tækninotkun

4.1. Ekki deila siðferðislega óviðeigandi, móðgandi, ógnandi eða ólöglegu efni á samfélagsmiðlum eða öðrum miðlum.

5. Klæðnaður og framkoma

5.1. Klæddu þig á viðeigandi hátt fyrir skátaviðburð og gættu þess að friðhelgi sé tryggð þegar þú skiptir um föt.

5.2. Sýndu öðrum ekki vanvirðingu vegna klæðaburðar þeirra.

6. Umhverfisábyrgð

6.1. Haltu öllum svæðum hreinum, fargaðu rusli á réttan hátt og fylgdu reglum um sjálfbærni.

7. Fylgni varðandi öryggi í skátastarfi *(Safe from Harm)*

7.1. Verndaðu líkamlega, tilfinningalega og sálræna velferð annarra.

7.2. Ekki eiga í óviðeigandi samskiptum eða samböndum við ungt fólk.
Ég viðurkenni að kynferðislegt samband við einstakling yngri en 18 ára er stranglega bannað og brýtur gegn stefnu WOSM um öryggi í skátastarfi (*Safe from Harm)* sem og pólskum og íslenskum lögum.

7.3. Þér ber skylda að tilkynna um hvers kyns skaðlegar aðstæður eða misnotkun sem þú verður vitni að eða upplifir sjálf/ur/t.

7.4. Þér ber skylda að vernda bæði þátttakendur og aðra sjálfboðaliða og tryggja öruggt skátastarf á Alheimsmóti skáta með því að stuðla að því að öllum þáttum fræðslunnar um öryggi í skátastarfi *(Safe from Harm)* og mótsreglna sé fylgt.

8. Neysla vímuefna og bannaðir hlutir

8.1. Reykingar og notkun rafsígarettna eru aðeins heimilar á þar til merktum svæðum.

8.2. Neysla, varsla, sala eða misnotkun áfengis og ólöglegra fíkniefna er stranglega bönnuð á öllu mótssvæðinu, bæði innan og utan þess, þetta á einnig við um þann tíma sem ferðast er með hópnum fyrir og eftir mótið sjálft. Auk þess eru orkudrykkir stranglega bannaðir fyrir ólögráða einstaklinga (yngri en 18 ára).

8.3. Drónar, skotvopn, flugeldar, siðferðilega óviðeigandi efni og hvers kyns vopn eru bönnuð öllum, bæði þátttakendum og sjálfboðaliðum nema annað sé gefið fram sérstaklega af mótshöldurum.

8.4. Fjárhættuspil, hvers kyns önnur spilamennska um peninga og sala á hlutum er bönnuð.

9. Aðrar reglur

9.1. Skipti á merkjum, barmmerkjum, minjagripum og öðrum hlutum eru aðeins heimil milli skáta í sama aldurshóp, fullorðnir við aðra fullorðna (18 ára og eldri).

Sem fullorðinn einstaklingur á Alheimsmóti skáta skuldbind ég mig til að fylgja þessum siðareglum og öllum reglum mótsins. Ef ég er meðlimur í alþjóðlegu skátahreyfingunni, Bandalagi íslenska skáta, þátttökusveit eða er sjálfboðaliði á Alheimsmótinu mun ég einnig standa vörð um grunngildi skátastarfs með því að fylgja skátaheitinu og skátalögunum.

Úr skilmálum 26. Alheimsmót skáta.

„8.4 Viðurlög og brottvísun

Öllum þeim sem brjóta gegn reglum 26. Alheimsmóts skáta, siðareglum, viðmiðum um öryggi í skátastarfi (*Safe from Harm)* eða gildandi lögum er vísað frá viðburðinum hvenær sem er. Hverjum þeim, þar á meðal gestum, sem sýnir hættulega og skaðlega hegðun, er móðgandi gagnvart öðrum eða með öðrum hætti óviðeigandi í samskiptum á Alheimsmóti skáta, verður vísað af mótssvæðinu og viðkomandi á ekki rétt á endurgreiðslu þátttökugjalda.

Mótshaldarar Alheimsmóts skáta áskilja sér rétt til að útiloka hvaða hóp eða einstakling sem er frá mótssvæðinu og, þegar við á, verður fararstjóri (*Head of Contingent*) hafður með í ráðum við slíka ákvörðun. Allur kostnaður sem hlýst af brottvísun eða útilokun slíkra hópa eða einstaklinga er á ábyrgð viðkomandi einstaklinga og ekki verður tekið tillit til kvartana eða krafna um bætur.“**

